

## D06 Faggilding yfir landamæri

Eftirfarandi er stefna ISAC – Faggildingarsviðs Hugverkastofunnar sem varðar faggildingu þvert á landamæri.

Tengd skjöl eru:

- Reglugerð 765/2008 (7. grein)
- EA-2/13 M:2019 – EA Cross Border Accreditation Policy and Procedure for Cross Border Cooperation between EA Members
- ILAC G21 09/2012 - Cross Frontier Accreditation - Principles for Cooperation

Það er stefna ISAC að fylgja kröfum 7. greinar reglugerðar (EC) 765/2008 og þeim kröfum sem koma fram í EA-2/13.

ISAC samþykkir ekki umsóknir frá samræmistofum frá EA svæðinu nema þær falli undir þær undantekningar sem taldar eru upp í 7. grein reglugerðar (EC) 765/2008.

Umsóknum samræmistofa á EA svæðinu skal fylgja bréf þar sem skýrt greinir frá einni af þeim undantekningum sem taldar eru upp í 7. grein í reglugerð (EC) 765/2008.

Starfsemi ISAC skal á engan hátt leiða til samkeppni við faggildingarstofur í öðrum löndum.